



7. AÐALFUNDUR FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA 17.-18. maí 2018

TILLAGA AÐ SAMÞYKKT UM NÁMSLEYFI

Sjöundi aðalfundur Félags grunnskólakennara haldinn 17. - 18. maí 2018 telur mjög mikilvægt að félagsmönnum sé gert kleift að stunda framhaldsnám á launum samhliða starfi og aðgangur að slíku námi á háskólastigi verði tryggður.

~~Einnig þarf að~~ Auka þarf möguleika félagsmanna til launaðra námsorlofa og til þess að stunda rannsóknir samhliða störfum sínum í skólunum.

Brýnt er að auka íslenskar menntarannsóknir á öllum skólastigum og þátttöku Íslands í alþjóðlegum rannsóknum. Samband íslenskra sveitarfélaga er hvatt til að fjölga námsleyfum á launum, bæði ársleyfum ~~og~~ leyfum til styttri tíma og samhliða starfi.

Aðalfundur beinir því til stjórnar og samninganefndar FG að halda áfram vinnu að þessu markmiði.